

## 13. gr.

Gjöld samkvæmt 3. og 8. gr. breytast í samræmi við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar. Grunntölur þær, sem nefndar eru í 3. og 8. gr. miðast við þá vísitölu byggingarkostnaðar, sem gildi 1. júní 1980.

## 14. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem lagt er á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki samkvæmt lögum nr. 29 1885.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Laugardalshrepps, Árnes-sýslu, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. október 1988.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

**REGLUGERÐ**

**um (1.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja,  
afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.**

## 1. gr.

66. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

„Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108. 16. maí 1984, öðlast gildi 1. janúar 1989, og falla þá jafnframt úr gildi reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 291/1979 með áorðnum breytingum, reglugerð um merkingu sérlyfja nr. 568/1982, svo og önnur fyrirmæli, er fara í bága við ákvæði þessarar reglugerðar.“

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. október 1988.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingolf. J. Petersen.*